

ÁRSSKÝRSLA 2007



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Pósthólf 214 • 212 Garðabæ • Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is • www.gkg.is



Ég er sko
með allt
á hreinu!
(- held ég)

EKKI GERA

EKKI NEITT.IS

- gagnlegur vefur fyrir viðskiptavinum Intrum

intrum  justitia




Æfðu stutta spilið í 20 stiga hita í allan vetur

Hraunkot er nýtt og glæsilegt æfingasvæði Keilis. Aðstaðan er eins og hún gerist best og geta kylfingar æft allar tegundir högga, stutt sem löng, langt fram eftir kvöldi í fyrsta flokks aðstöðu innandyra og flóðlýstri æfingaaðstöðu utanhúss. Frábær fundaraðstaða er á svæðinu sem fyrirtæki geta nýtt sér við fundarhald eða námskeið. Upplýsingar um opnunartíma Hraunkots er að finna á keilir.is.

Alla daga vikunnar í vetur, milli kl. 12 og 15, munu boltavélarnar í Hraunkoti gefa 35% fleiri bolta. Kynnið ykkur spennandi tilboð á boltakortum.

Allir golfarar eru velkomnir í Hraunkot

Hraunkot
Golfæfingasvæði



130 m á hæð

„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP kрана

01 - 9352

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LYSING

LYSING.IS // 540 1500



Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
olafure@gkg.is



INNGANGUR

Ágætu félagar í GKG

Stjórnin leggur hér fram ársskýrslu 2007 eins og lög gera ráð fyrir.

Skýrslan sýnir glögglega hið viðamikla starf sem unnið er í klúbbum okkar.

Margir hafa komið að gerð skýrslunnar og vil ég þakka þeim fyrir vel unnin störf. Óhætt er að segja að mikil gróska sé í starfseminni, og að margt hafi áunnist í viðleitni okkar í að gera GKG að einum besta golfklúbbi landsins. En betur má ef duga skal og brýnasta verkefni næstu missera er að bæta æfinga- og félagsaðstöðuna. Þegar þeim markmiðum er náð getum við vonandi horft fram á bjarta framtíð.

Guðmundur Oddsson,
formaður GKG

EFNISYFIRLIT BLAÐSINS

Inngangur

1. kafli Félagssvið

Stjórn og nefndir
Fjöldi félaga
Stjórnarstörf
Þrír framkvæmdastjórar
Samskipti við sveitafélögin
Veitingasala
Fjármálin
Leirdalurinn viðurkenning
Árþing GSÍ 2007
Saga GKG skrifuð
Kvennanefnd
Nýliðanefnd
Kynningarnefnd

2. kafli Íþróttasvið

Afreksnefnd
Úrslit í meistaramótinu
Mótanefnd
Ársskýrsla íþróttastjóra
Ársskýrsla afreksþjálfara
Ársyfirlit unglínganefndar
Skemmtinefnd

3. kafli Framkvæmdasvið

Vallarnefnd
Vetrarvöllur 2007 - 2008
Fjáröflunarnefnd

4. kafli Fjármál

Rekstraryfirlit
Efnahagsreikningur
Eigið fé og skuldir
Sjóðsstreymi

Lokaorð

Ársskýrsla 2007

Ársrit GKG 2007

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Ólafur E. Ólafsson

Hönnun og útlit: Pipar auglýsingastofa • pipar.is

Ljósmyndir: Jón Guðmundsson, Gummi
vallarstjóri, Páll Ketilsson og Valur Jónatansson hjá
kylfingur.is.

Prentun: Svansprent

Sérstakar þakkir:

Ingigerður Fanney Heiðarsdóttir, Sígurður
Hlödversson og Nonni fyrir allar myndirnar.



1. KAFLI - FÉLAGSSVIÐ

Stjórn og nefndir 2007

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

STAÐGENGILL FORMANNS

Jón Snorri Snorrason

GJALDKERI

Jörundur Jörundsson

RITARI

Ari Bergmann Einarsson

MEÐSTJÓRNANDI

Gunnar Jónsson

MEÐSTJÓRNANDI

Bergþóra Sigmundsdóttir

MEÐSTJÓRNANDI

Símon Kristjánsson

VARAMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

VARAMAÐUR

Jónína Pálsdóttir

VARAMAÐUR

Ragnar Þ. Ragnarsson

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Jóhann Gunnar Stefánsson

Margeir Vilhjálmsson

Ólafur E. Ólafsson

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

ÍÞRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI

Derrick Moore

KENNARI

Haraldur Þórðarson

AFREKSNEFND

Ragnar Þór Ragnarsson

Áslaug Sigurðardóttir

Gunnar Páll Þórisson

Ólafur Sigurðsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

MARKAÐS- OG FJÁRÖFLUNARN.

Jón Snorri Snorrason

Ottó Sigurðsson

HJÓNANEFND

Sigurjón Þ. Sigurjónsson

Anna Þorkeldsdóttir

Margrét Thorlacius

Heimir Svavar Kristinsson

FORGJAFARNEFND

Þórður Ingason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Birna Aspar

Ásdís Matthíasdóttir

K. Hrefna Kristjánsdóttir

Margrét Geirsdóttir

KYNNINGARNEFND

Ari Bergmann Einarsson

Jóhann Gunnar Stefánsson/Margeir Vilh.

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Heimir Jón Guðjónsson

Jónína Pálsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Ragnar Þór Reynisson

Sigurður Hlöðversson

Björn Steinar Stefánsson

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

UNGLINGANEFND/FORELDRARÁÐ

Gunnar Jónsson

Gunnar Árnason

Grétar Skúlason

Jón Hörðdal Jónasson

Ragnheiður Sigurðardóttir

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Kristján Jónasson

Óskar Jóhannesson

ÖLDUNGANEFND

Gunnar Kr. Sigurðsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Kristinn Jörundsson

Steinar J. Lúðvíksson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson

Bjarni Baldvinsson

Lórenz Þorgeirsson




Morgungolffélagar GKG - alla daga!


hér eru golffélagarnir Óskar H. Gunnarsson, Gunnar V. Magnússon, Haraldur Þórðarson, Hulda Jónsdóttir og Markús Stefánsson. Þau láta sig aldrei vanta á völlinn, sama hvernig viðrar allt árið.




Félagafjöldi í GKG og breytingar milli ára



Félagafjöldi í GKG og hlutfallsleg breyting milli ára



Aldursskipting félaga í GKG í lok starfsársins 2007



Stjórnarstörf

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið 16 bókaða fundi, og síðan einn almennan félagsfund. Þá hafa stjórnarmenn setið fjölmarga fundi með ýmsum aðilum þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti í starfsemi GKG og framtíð klúbbsins. Mikill tími hefur farið í viðræður við forráðamenn sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Þar hafa einkum verið á borðum fjármál og ekki síður framtíðaruppbygging húsa og vallar. Þá hefur verið unnið mikið í að fá landamál klúbbsins á hreint, en landsstærð vallarins er alls ekki á hreinu auk þess sem við höfum leitað eftir nokkru landi til viðbótar, en þar er við Ríkisspítalana og Fjármálaráðuneytið að eiga. Það er vissulega mikil vinna við að reka svona stóran golfklúbb eins og GKG er orðinn, en ég þykist vita að stjórnarmenn telja þá vinnu ekki eftir sér og allra síst ef einhver sýnilegur árangur næst.



Þrír framkvæmdastjórar

Jóhann Gunnar Stefánsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri GKG s.l. þrjú ár sagði starfi sínu lausu hinn 11. maí s.l. Í uppsagnarbréfinu kom fram að hann óskaði eftir að láta af störfum strax. Segja má að uppsögn Jóhanns Gunnars hafi komið á afar slæmum tíma fyrir okkur því starfsemi klúbbsins var að komast í fullan gang og því afar erfitt að vera framkvæmdastjórialaus. Engu að síður þökkum við Jóhanni Gunnari fyrir samstarfið og óskum honum allra heilla í nýju starfi. Það bjargaði vissulega miklu að um áramótin kom Ingigerður F. Heiðarsdóttir, skrifstofustjóri, til starfa hjá klúbbum og bjargaði hún miklu fyrir okkur á þessum tíma og er mér bæði ljúft og skylt að þakka henni fyrir góð störf fyrir GKG. Strax var hafist handa um að ráða nýjan framkvæmdastjóra og hinn 19. maí var gerður tímabundinn ráðningarsamningur við Margeir Vilhjálmsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri GR um árabíl. Margeir var ráðinn til 30. september en upp úr miðjum ágúst fór hann í annað starf og var því afar laus við. Hins vegar tók Margeir á ýmsum þáttum í starfsemi GKG og kom þeim til betri vegar og kunnum við honum bestu þakkir fyrir þann tíma sem hann var hjá GKG. Í byrjun október var Ólafur E. Ólafsson viðskiptafræðingur ráðinn sem framkvæmdastjóri GKG og er hann ráðinn ótímabundið. Vonandi er þar með lokið okkar þrautagöngu með framkvæmdastjóra, en það má öllum vera ljóst, að framkvæmdastjóri er algjör lykilmáður í starfsemi GKG

og býð ég Ólaf velkominn til starfa. Það segir sig sjálf, að slíkt umrót á starfsmannahaldi klúbbsins er afar slæmt og ég fullyrði að ýmislegt í starfinu hefur ekki verið sem skyldi þess vegna. Þetta er liðin tíð og vonandi munu félagar upplifa meiri festu í þessum málum á næstu misserum.

Samskipti við sveitarfélögin og ríkið

Á síðasta aðalfundi var greint frá áformum um að byggja æfingahús fyrir klúbbinn og eins að lagfæra allt æfingasvæðið. Unnið hefur verið að því að þoka þessu máli áfram og hafa verið haldnir margir fundir um það sérstaklega. Staða málsins nú er að búið er að kollvarpa öllum fyrri hugmyndum um staðsetningu æfingasvæðisins og æfingahússins auk þess sem bygging félagsskála fyrir GKG er nú komin í umræðuna og okkar hugmyndir eru að byggja þetta allt á sama tíma. Við höfum sótt um viðbótarland meðfram Vífilstaðavegi til austurs

ca 5 ha til Ríkisspítalana og Fjármálaráðuneytis og eru góðar líkur á að við fáum það. Þá er meiningin að æfingasvæðið verði frá núverandi skála til austurs, en þar í jaðrinum verði nýtt áhaldahús. Nýr skáli verði fyrir vestan æfingahúsið og nýtt þúttgrín ásamt æfingaglompum og svæði fyrir stutta spilið þar fyrir vestan. Edwin Rögnvaldsson golfvallarhönnuður hefur lagt fram afstöðumynd um framtíðarskipan mannvirkja hjá GKG. Allar þessar breytingar á landnotkun fyrir GKG, sem nú er unnið að, gera þær kröfur til bæjaryfirvalda í Garðabæ, að breyta verður aðalskipulagi bæjarins ásamt því að færa þarf Vífilstaðavegin sunnar, sem aftur kallar á viðræður við Vegagerðina. Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa sýnt þessu mikinn skilning, en það að breyta aðalskipulagi og síðan að auglýsa nýtt deiliskipulag tekur nokkuð langan tíma samkvæmt lögum. Það er því ljóst, að hér er verið að tala um mikla fjárfestingu, sem hleypur á hundruðum milljóna króna. Við gerum okkur vonir um að sveitarfélögin komi með myndarlegum hætti að þessum fjárfestingum okkar enda er það forsenda þess að starfsemi GKG geti gengið. Sem betur fer hafa bæjaryfirvöld í Kópavogi og Garðabæ góðan skilning á mikilvægi þessa og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Veitingasala

Í upphafi þessa starfsárs var Heiðar Hallgrímsson veitingamaður ráðinn til að sjá um veitingasölu í skála GKG. Hann stóð sig

vel og sinni sínu starfi með ágætum og eru honum hér með færðar bestu þakkir fyrir samstarfið. Heiðar hefur nú horfið af landi brott til náms og starfa og mun því ekki verða starfsmaður okkar á næsta starfsári. Gerður hefur verið leigusamningur við Krydd í tilveruna til þriggja ára eða til 31. desember 2010 og munu þeir annast veitingasölu til félagsmanna næstu árin og eru þeir boðnir velkomnir til starfa. Það er því ekki ein báran stök í mannahaldinu hjá okkur í GKG.

Fjármálin

Þó ég muni ekki á þessum stað ræða mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins er erfiður og nauðsynlegt að skoða alla þætti hans frá grunni. Eins og félagsmenn þekkja þá höfum við gert samninga við ýmsa aðra klúbba hér á suðvesturhorninu. Félagsmenn hafa nýtt sér þessa samninga vel og er það hið besta mál. Þessir samningar eru hins vegar klúbbum afar dýrir og tel ég því nauðsynlegt að endurskoða þá alla og jafnvel hætta þeim með öllu. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin og kemur því til ákvörðunar nýrrar stjórnar. Það má í þessu sambandi minna á, að eftir að við opnuðum 9 holu völlinn í Vetrarmýrinni, er þörfin á þessum samningum ekki eins brýn og áður. Félagsmenn voru í upphafi þessa starfsárs sagðir vera um 1650 en við nánari talningu reyndust þeir einungis vera um 1530 og því hafa félagsgjöld verið stórlega ofátæluð. Þess utan hefur þurft að afskrifa talsverðar tekjur klúbbsins vegna vangreiðslu félagsmanna. Stjórnin hefur samþykkt að fjölga félagsmönnum í allt að 2000. Að öðru leyti vísast til fyrirbyggjandi tillagna varðandi fjármálin.

Leirdalurinn - viðurkenning

Kópavogsbær veitti GKG umhverfisviðurkenningu fyrir frágang og umhirðu á nýja hluta vallarins í Leirdal. Félagar geta séð staðfestingu þar um á hinu nýja "sæluhúsi" sem reist var fyrir félagsmenn í sumar. Nú er unnið að gerð leigusamnings við

Kópavogsbæ um 50 ára afnotarétt GKG af Leirdalnum, en landamál klúbbsins eru öll í endurskoðun.

Árสปing GSÍ 2007

Árสปing golfsambandsins 2007 var haldið laugardaginn 17. nóv. s.l. Stjórn sambandsins var að mestu leyti endurkjörin og var Jón Ásgeir Eyjólfsson endurkjörinn forseti til næstu tveggja ára. Ég fór í ræðustól á þinginu og ræddi m.a. um lóðaleigu GKG, en klúbburinn er trúlega eina íþróttafélagið sem greiðir lóðaleigu fyrir land undir starfsemi sína. Ég óskaði eftir stuðningi stjórnar GSÍ við okkur í þessu máli og lýsti forseti því yfir að hann skyldi koma í málið með okkur, því þessi skattheimta væri algjört einsdæmi og að hans dómi út í hött. Það er vissulega mikill styrkur fyrir okkur að fá stjórn sambandsins með okkur í þetta mál og vonandi að það hjálpi okkur að losna undan þessari ósanngjörnu skattheimtu.

Saga GKG

Á síðasta ári ákvað stjórn GKG að láta taka saman upplýsingar um Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar frá stofnun hans árið 1994.

Gunnlaugur Sigurðsson fyrrverandi formaður klúbbsins var fenginn til verksins, og hóf hann störf við upplýsingaöflun í janúar 2007.

Nú er búið að safna saman á einn stað, raða og skrásetja ýmiss mikilvæg gögn um sögu GKG. frá 1994. Einnig liggja nú fyrir ágæta upplýsingar um Golfklúbb Kópavogs, en því miður hafa ekki enn komið í leitirnar ýmis mikilvæg gögn um Golfklúbb Garðabæjar. Árið 1994 voru þessir tveir klúbbar lagðir niður og stofnaður Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Þeir sem eiga í fórum sínum upplýsingar um Golfklúbb Garðabæjar, Golfklúbb Kópavogs eða GKG eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skrifstofu GKG.

Einnig eru vel þegnar myndir úr félagsstarfi fyrrnefndra golfklúbba.



TaylorMade®

Stendur til að bæta í pokann?

Leyfðu okkur að aðstoða við valið.

*Tökum við tímapöntunum í mælingar
í síma 577-2525*

GOLFVERSLUN
NEVADA BOB
WWW.NEVADABOB.IS
S. 577-2525



Kvennanefnd GKG sumarið 2007

Ný kvennanefnd tók til starfa eftir síðasta aðalfund. Nefndina skipa: Bergþóra Sigmundsdóttir, Ásdís Matthíasdóttir, Birna Aspar, Hrefna Kristjánsdóttir og Margrét Geirsdóttir.

Starf kvennanefndar sumarið 2007 var með hefðbundnum hætti. Konur voru með fasta golftíma alla þriðjudaga frá 8. maí til 11. sept. og voru rástímar frá kl. 16.30 – 18.00. Gekk það nokkuð vel og nýttust tímarnir vel til loka ágústmanaðar.

Eins og áður er leitast við að samræma þrjú sjónarmið, þ.e. að konur ráði að einhverju marki með hverri þær spila, reynsla þeirra sem lengra eru komnar skili sér til þeirra sem styttra eru komnar og þá er einnig haft í huga mikilvægi þess að leikhraði okkar sé nokkuð góður. Hugmyndin er að fjórar konur séu saman í holti og tvær séu með grunnförgjöf að 28 og tvær yfir 28. Þetta gekk að nokkru eftir en kanna þarf fleiri útfærslur á spili kvenna og meiri fjölbreytileika í leik, sérstaklega fyrir þær konur sem eru með förgjöf undir 25. Þá vilja margar konur leika 18 holar á þessum dögum en eftir að völlum varð 27 holar var kvennagolfið eingöngu í Vetrarmýrinni og erfitt er að leika 2x9 holar vegna rástímaskráningar.

Tímabilið hófst með Rauðvínskvöldinu föstudaginn 4. maí 2007. Um 50 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Tískusýning var frá Hole in One og sýndu konur úr GKG fötin og fengu frábærar viðtökur. GKG-Bandið kom og hélt uppi fjörunu. Fyrsta mótið var svo 29. maí og mættu um 40 konur til leiks og spiluðu 9 holar.

Stórmót sumarsins var Opna Sólstöðumótið – Bleiki bikarinn. Þar mættu 100 konur og spiluðu Texas Skramble næturgolf í þokkalegu veðri. Fjöldi fyrirtækja studdi mótið og voru verðlaun hin glæsilegustu. Í mótslok fengu þátttakendur súpu og brauð í boði Vistor í skálanum og útitjaldi. Þar sem ræst var út af öllum teigum fengum við litla rútu til að selflytja keppendur upp í Leirdal. Gekk það nokkuð vel fyrir sig. Starfsmenn mótsins og vallarstjóri aðstoðuð einnig við að koma keppendum og golfsettum upp í Leirdal. Í mótslok aðstoðuð einnig einstaka keppendur mótshaldara. Gekk þetta nokkuð vel fyrir sig. Nauðsynlegt er að GKG leysi til frambúðar vandamál þau er koma upp í móti sem þessu, þ.e. þar sem ræst er út af öllum teigum samtímis, til að auðvelda alla framkvæmd slíkra móta. Þátttakendur mótsins voru mjög ánægðir með mótið. Tekjur af mótinu renna til Krabbameinsfélagsins.

Vinkvennamót GKG- og GOKvenna var mjög vinsælt og tóku 85 konur þátt í vinkvennamótinu hvorn dag, þ.e. 19. og 25. júní. Úrslit urðu þau að GOKonur unnu mótið eftir mikla útreikninga en jafnt var með liðunum eftir venjulegum útreikningum, þ.e. 10 punktahæstu konur hvorn dag úr hvorum klúbbi myndi liðið. Þurfti að fjölga konum í hvoru liði til að fá úrslit því ekki er gert ráð fyrir jafntefli í reglum mótsins.

Við heimsóttum GÖkonur 3. júlí og urðu úrslit þau að GKGkonur unnu í þetta skipti. 32 konur spiluðu golf í frábæru veðri en mikilli flugu, flestar úr GKG.

Þriðjudaginn 14. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Hólmsvöll, golfvöll GS. Leikið var í miklu roki en 35 GKGkonur létu veðrið ekki aftra sér frá því að leika golf. Konurnar skemmtu sér frábærlega þrátt fyrir rokið og nutu ferðarinnar.

Hatta- og kjólamótið var svo 28. ágúst og voru eingöngu spilaðara níu holar enda íslenskt veður, rok og rigning. 28 GKGkonur létu veðrið ekki stöðva sig.

Lokamót GKGkvenna var svo laugardaginn 15. september 2007. Veðrið var óvenjuslæmt, rok, rigning og jafnvel smá haglé. Leiknar voru því eingöngu 9 holar og leikfyrirkomulagið var Texas Skramble. Fáir keppendur mættu (17 konur) en þeim mun fleiri fengu góða vinninga (allar). Í mótslok borðuðu GKGkonur saman frábæran mat hjá nýjum rekstraraðilum golfskálans. Þá voru veitt verðlaun fyrir mestu framfarir sumarið 2007 og hlaut Kolbrún Jónsdóttir þau verðlaun. Til umræðu hefur komið að vera með lokamót um daginn, fyrir þær konur sem það vilja, og um kvöldið verði lokafagnaður sem allar konur geti mætt í og notið samvista eftir frábært golfsumar.

Fjöldi fyrirtækja hefur stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir hjálpinu.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir

Nýliðanefnd

Í nýliðanefnd voru Úlfar Jónsson og Derrick Moore. Nýjum félögum í GKG sem eru að stíga fyrstu sporin í golfþróttinni er skylt að sækja nýliðanámskeið á vegum klúbbsins. Námskeiðin voru í maí og sóttu um 60 einstaklingar námskeiðin. Þjálfarar klúbbsins, þ.e. undirritaður, Haraldur Þórðarson og Derrick Moore sáu um verklega hluta námskeiðanna, en Kjartan Bjarnason, yfirdómari GKG, sá um þann hluta sem snýr að reglum golfsins. Kjartan var einnig með reglunámskeið fyrir almenna félagsmenn og mæltust námskeið hans mjög vel fyrir. Nefndin kann honum bestu þakki fyrir mjög skemmtilega og góða fræðslu.

Skipulag nýliðanámskeiðanna á síðastliðnu sumri var eftirfarandi:

1. tími. Stutta spilið. 1,5 klst.
Kynning á dagskrá námskeiðs. Golf með skynsemi afhent.
Grunnatriði pútta, vippa (vipp og rúll og há vipp) voru kennd
Áhersla lögð á grip, stöðu, mið, grunnhreyfingar og lestur flata, auk kylfvals.
Umræður og spurningum svarað.

2. tími. Sveiflan og spilatími. 1,5 klst.
Æfingasvæði kynnt, þ.e. boltavél, vippsvæði og æfingafliót.
Farið yfir helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. helstu síðareglur, förgjöf, skorkortið osfrv.
Grunnatriði golfsveiflunnar kynnt á æfingasvæði, s.s. grip, staða, helstu hreyfingar. Kynning á búnaði. Sýnikennsla
Kennarar léku 1-2 holar og fóru í gegnum helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. síðareglur, umgengni, leikröð, kylfval, glompuhögg og margt fleira.
Umræður og spurningum svarað.



3. tími. Bóklegt reglunámskeið. 2 klst.
Farið yfir reglur og siðareglur.
Starfsmenn og starfsemi kynnt og forgjöf útskýrð.
Efni sem farið er í á reglufundi:
Siðareglur:

Klæðnaður
Umhengni á velli, s.s. boltafór, torfusneplar, mæta tímanlega á teig fyrir rástíma.
Leikhraði
Trufla ekki meðspilara
Forgjöf
Hvað er forgjöf?
Að halda forgjöf
Skorkort
Hvernig fyllt út.
Rástímar
Skráning á golf.is
Skráning í mót
Golfreglur
Muna að hafa reglubók ávallt í pokanum.

Það er markmið allra starfsmanna hjá GKG að bjóða alla nýja félaga velkomna. Bylting var í sumar þegar Leirdalsvöllurinn opnaði en þá gat GKG boðið félögum sínum upp á 27 holar. Níu holar völlum, Mýrin, hentar vel þeim kylfingum sem eru að byrja í golfi. Þar geta kylfingar vanist því að leika golf við aðstæður sem eru sambærilegar við það sem gengur og gerist á góðum golfvöllum. Það er ekki hægt að segja að Mýrin sé æfingavöllur því hann er í fullri lengd, en félagsmenn hafa ákveðinn skilning á því að þarna séu reynslulitlir kylfingar að leika, og því geta byrjendur klúbbsins notið sín þar í þægilegu og afslöppuðu umhverfi.

Stefna nýliðanefndar er að auka nýliðafræðsluna og setja skýrari mörk er varða leik á 18 holar völlum. Miðað við önnur



lönd eru strangari reglur þegar kemur að mati á hvort kylfingur sé tilbúinn til leiks á „aðalvelli“ eða ekki. Markmið okkar er að bjóða upp á viðameiri námskeið með verklegum og skriflegum prófum sem nýliðar þurfa að standast til að fá leikheimild á 18 holar völlum.

Framtíðarsýn klúbbsins er skýr og ef áætlanir ganga eftir verður félags- og golfaðstaðan sú besta á landinu innan fárra ára, öllum til hagsbóta, nýliðum sem lengra komnum.

Með bestu kveðju,
Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKG.

Kynningarnefnd

Í kynningarnefnd voru Ari Bergmann Einarsson, Sigurður Hlökkversson, Jóhann Gunnar Stefánsson og Ottó Sigurðsson. Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annarra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og afrekum einstakra kylfinga á framfæri. Miðlar þeir sem klúbburinn hefur yfir að ráða, eins og heimasíða klúbbsins, www.gkg.is og beinn tölvupóstur á netföng félagsmanna, voru einnig notaðir reglulega. Auk þess hefur unglinganefnd séð um eigin heimasíðu með glæsibrag. Það er mjög mikilvægt fyrir klúbbin að hafa yfir að ráða svo öflugum miðlum, enda voru þessar síður mikið heimsóttar af kylfingum. Rúmlega 70 manns sóttu félagsfund 2. maí, þar sem farið var yfir helstu mál í byrjun sumars. Á fundinum flutti Guðmundur Oddsson formaður GKG framsöguerindi og svaraði fyrirspurnum. Þá fór árlegur hreinsunardagur fram 3. maí, en þar mættu rúmlega 40 manns. Nefndin hefur séð um og mun halda áfram að uppfæra handbók GKG varðandi fyrirmyndarfélag ÍSÍ, enda markmið stjórnarinnar að halda þessari einstöku gæðaviðurkenningu íþróttahreyfingarinnar.



Neðangreind tafla sýnir heildarframboð rástíma hjá GKG og heildar nýtingu í sumar frá 5. maí til og út september.

Samtals	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Samtals
Rástímar GKG	7.128	16.224	19.344	18.600	15.840	77.136
Nýting	4.290	7.153	8.299	7.659	3.408	30.809
Nýtingar %	60,19	44,09	42,90	41,18	21,52	39,94

Tómstundavagninn 28

á hálf tímafresti allan daginn



- 1 Íþróttahús Kársnesskóla
- 2 Sundlaug Kópavogs
- 3 Íþróttahús Kópavogsskóla
- 4 Íþróttahúsið Snælandi
- 5 Íþróttahúsið Digranesi
- 6 Skátaheimilið
- 7 Íþróttahúsið Smárinn
- 8 Fífan
- 9 Kópavogsvöllur
- 10 Íþróttahúsið Lindaskóla
- 11 Íþróttamiðst. Versalir, Salalaug
- 12 Íþróttamiðstöðin Kórinn

- 1 Félagsmiðstöðin Ekkó v/Kársnesskóla
- 2 Félagsmiðstöðin Kjarninn v/Kópavogsskóla
- 3 Félagsmiðstöðin Igló v/Snælandsskóla
- 4 Félagsmiðstöðin Hóllinn v/Digranesskóla
- 5 Félagsmiðstöðin Mekka v/Hjallaskóla
- 6 Félagsmiðstöðin Þeba v/Smáraskóla
- 7 Félagsmiðstöðin Jemen v/Lindaskóla
- 8 Félagsmiðstöðin Fönix v/Salaskóla
- 9 Félagsmiðstöðin v/Hörðuvallaskóla
- 10 Félagsmiðstöðin Dimma v/Vatnsendaskóla



Fáðu nánari upplýsingar og tímatöflu á bus.is og kopavogur.is





GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA



*Sælkerastakarfa er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum.
Gefðu ljúffenga gjöf sem gleður.*

Á vefsíðu okkar **www.ostur.is** er að finna nánari upplýsingar um sælkerastakörfurnar okkar og ostana sem í þeim eru. Mundu eftir að panta gjafakörfur tímanlega svo enginn fari í jólaköttinn!

2. KAFLI - ÍÞRÓTTASVIÐ

Afreksnefnd

Afreksnefnd GKKG fyrir árið 2007 skipuðu:
Ragnar Þór Ragnarsson formaður,
Áslaug Sigurðardóttir,
Gunnar Páll Þórisson
og Ólafur Sigurðsson.

16 afrekskyllingar æfðu og kepptu undir merkjum GKKG þetta árið og voru æfingahóparnir eftirfarandi:

Team GKKG:

Birgir L. Hafþórsson
Ottó Sigurðsson
Sigmundur E. Másson
Team GKKG samanstóð af þeim afreksmönnum sem stunduðu sínar æfingar og keppni að mestu leyti fyrir utan hefðbundna afrekshópa klúbbsins.

Afrekshópur karla:

Björgvin Smári Kristjánsson
Brynjólfur E. Sigmarsson
Gestur Gunnarsson
Guðjón Henning Hilmarsson
Haukur M. Ólafsson
Jón Guðmundsson
Kjartan Dór Kjartansson
Sigurður R. Ólafsson
Valgeir Tómasson

Afrekshópur kvenna:

Erna Valdís Ívarsdóttir
Eygló Myrra Óskarsdóttir
Ingunn Gunnarsdóttir
Þórunn Día Óskarsdóttir

Þjálfarar voru þeir Derrick Moore og Úlfar Jónsson.

Æfingar

Á haustmánuðum 2006 var ráðinn nýr afrekspjálfi til GKKG, Derrick Moore, sem hafði umsjón með þjálfun afrekshópa í samstarfi við Úlfar Jónsson, yfirþjálfara klúbbsins. Reglulegar æfingar voru í Sporthúsinu, ProGolf og í Básum frá október til maí 2007. Farið var í æfingaferð til Costa Ballena ásamt unglíngahópum klúbbsins í vikunni fyrir páska. Sú ferð heppnaðist í alla staði vel og var aðstaða til æfinga og vellirnar á Costa Ballena til fyrirmyndar. Æfingar hófust síðan af fullum krafti utanhúss í byrjun maí fyrir fyrsta stigamótið sem haldið var helgina 19.-20. maí á Akranesi.

Keppnistímabilið

Fyrstu tvö mót Kaupþingsmótaraðarinnar einkenndust af slæmum veðurskilyrðum og þurfti að fella niður eina umferð á hvoru móti vegna þess. Árangur sumarsins var heilt á litni mjög góður og þrír Íslandsmeistaratitlar náðust í hús. Ottó Sigurðsson náði þeim frábæra árangri að verða Íslandsmeistari í holukeppni í annað sinn á 3 árum og síðan náði karlasveit GKKG að hampa Íslandsmeistaratitlinum í 1. deild í Sveitakeppni GSF,





NÁKVÆMNI **10**

Að hanna mismunandi járn fyrir mismunandi leikstíla: Eina típu fyrir kylfinga sem hagnast á auðveldum járnnum og aðra fyrir þá sem leika af meiri getu. Þetta var markmið hönnuða okkar.

Útkoman? Tvær nýjar típur af járnnum með eitt í huga: Að lækka skor.

G10 járnin eru með þykkum kylfusóla sem hækkar boltaflugið, meiri þyngd í tánni sem eykur

fyrirgefningu þeirra, nákvæmni og stöðugleika. i10 járnin skarta nettari

kylfuhous með útliti blaðkylfu og bjóða þau upp á gott jafnvægi á milli

stýringar á boltaflugi og fyrirgefningar. Vertu velkominn að nýta

þér tækni okkar til að leika þitt besta golf.

Kynntu þér nýju járnalínuna betur á pingpowerof10.com

PING®
PLAY YOUR BEST™

einnig í annað sinn. Þá varð María Guðnadóttir Íslandsmeistari kvenna í flokki 35 ára og eldri.

Helsti árangur úr Kaupþingsbankamótaröðinni 2007 var að Ottó endaði í 3. sæti á heildarstigalistanum, Sigmundur í því 18., Valgeir í 20. og Guðjón Henning því 32. Eygló Myrri varð í 14. sæti á heildarstigalista kvenna og Ingunn í því 15.

Úrslit á meistaramóti klúbbsins urðu þau að meistara fyrri árs vörðu bæði sína titla. Klúbbsmeistari kvenna varð Eygló M. Óskarsdóttir og hjá körlunum sigraði Sigmundur E. Másson.

Eftirfarandi keppendur voru valdir til að skipa sveitir GKJ í sveitakeppni GSÍ:

Karlar:

Birgir Leifur Hafþórsson
Brynjólfur E. Sigmarsson
Guðjón Henning Hilmarsson
Kjartan D. Kjartansson
Ottó Sigurðsson
Sigmundur E. Magnússon
Starkaður Sigurðarson
Valgeir Tómasson

Liðstjóri:

Gunnar Páll Þórisson

Konur:

Erna V. Ívarsdóttir
Eygló M. Óskarsdóttir
Ingunn Gunnarsdóttir
María Guðnadóttir
Þórunn D.
Óskarsdóttir

Liðstjóri: Jón Hörðdal

Keppnin hjá körlunum fór fram í Vestmannaeyjum og eins og áður sagði urðu okkar strákar í 1. sæti. Þeir sigruðu sveit Golfklúbbsins Keilis í Hafnarfirði í úrslitaleiknum 3-2. Vert er að geta þess að Sigmundur náði þeim frábæra árangri að sigra alla andstæðinga sína í mótinu.

Keppnin hjá konunum var haldin á Akureyri og endaði okkar sveit í 5. sæti líkt og árið áður. Markið var vissulega sett hærra í ár, en slæm byrjun og tap á móti heimakonum í GA og síðan í næsta leik á móti GK olli því að ekki náðist ofar en 5. sæti þó svo að allar viðureignir eftir það ynnust nokkuð örugglega.

Framtíðin er samt björt og við munum án efa vera að berjast um efstu þrjú sætin innan skamms, þessar sömu stúlkur (utan Maríu) urðu Íslandsmeistarar í sumar í sveitakeppni 16-18 ára stúlkna svo efniviðurinn er svo sannarlega til staðar.

Eftirtaldir kylfingar GKJ voru í landsliði Íslands í golfi:

Karlar:

Sigmundur E. Másson. (Karla)

Konur:

Eygló M. Óskarsdóttir. (Unglinga)
Ingunn Gunnarsdóttir. (Unglinga)
María Guðnadóttir. (35+)

Lokaorð

Æfingar fyrir komandi ár hófust þegar í byrjun nóvember og eru æfingar þrjár í viku í Sporthúsinu í Kópavogi og á glæsilegu æfingarsvæði þeirra Keilismanna, Hraunkoti. Er það von undirritaðs að afrekskylfingar leggi hart að sér við æfingar í vetur og komi sem allra best undirbúin fyrir sumarið 2008, verði sjálfu sér til sóma og haldi áfram að halda merki klúbbsins á lofti með góðum árangri.

Mikið hefur verið rætt um æfingaaðstöðu klúbbsins á undanförunum misserum og ljóst að nauðsynlegt er að gera verulega bragabót þar á ef við ætlum að halda okkur í fremstu röð í keppnisgolfi á Íslandi. Sérstaklega er vert að nefna aðstöðu til æfinga á stutta spilinu og þúttum, sem er undirstaða þess að góður árangur náist í þessari frábæru íþrótt. Mjög mikilvægt er að bæta okkar aðstöðu á þessu sviði sem allra fyrst og vonandi sjáum við úrbætur á því strax næsta sumar.

Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum og þjálfurum fyrir samstarfið á árinu.

Með golfkveðju,

Ragnar Þór Ragnarsson
Formaður Afreksnefndar GKJ 2007.



Mótanefnd 2007

Meðlimir mótanefndar eru:

Heimir Jón Guðjónsson, Jónína Pálsdóttir, Sigurjón Sigurjónsson, Ragnar Þ. Ragnarsson, Sigurður Hlöðversson, Björn S. Stefánsson.

Mót sumarsins

26. maí	Innanfélagsmót
2. júní	Opið mót - Stöð 2
9. júní	Opið mót
16. júní	Innanfélagsmót - niðjamót
23. júní	Opið mót - FEDEX
30. júní	Opið mót
5. - 8. júlí	Landsmót UMFÍ
9. - 14. júlí	Meistaramót GKG
20. - 22. júlí	Sveitakeppni unglinga
28. júlí	Opið mót
6. ágúst	Opið mót - Carlsberg
18. ágúst	Opið mót - Styrtarmót Ottó
25. ágúst	Opið mót
1. sept.ember	Opið mót
8. september	Opið mót
22. september	Firmakeppni GKG
29. september	Innanfélagsmót - Bændaglíman

Hér eru þó ekki talin upp hin ýmsu boðsmót sem haldin voru veltinum, yfirleitt á föstudögum.

Starf mótanefndar er mjög umfangsmikið í þeim mótum sem haldin eru og hvílir bæði mikil ábyrgð á mótanefndinni og starfsmanni golfklúbbsins (Fannari) við undirbúning og umsjón hvers móts. Þetta starf er vanmetið og ætti alls ekki að vera unnið í sjálfboðavinnu heldur ætti klúbburinn að skipa formann mótanefndar á launum og óska síðan eftir sjálfboðaliðum til aðstoðar.

Þau mót sem haldin voru gengu flest frábærlega og er það að stórum hluta að þakka góðu samstarfi við Fannar. Gífurleg vinna var í kringum meistaramótið sem tókst vel en samt er það áhyggjuefni sú fækkun sem orðið hefur á skráningu þátttakenda. Gott samstarf var við sumarstarfsmenn klúbbsins sem tóku að sér ýmis önnur störf á meðan á mótinu stóð. Fyrirtækjamót þar sem fyrirtækin eru að skaffa teiggjafir, nándarverðlaun og aðra vinninga eru mörg og ganga yfirleitt vel, en þó koma upp á einstaka vandamál og má yfirleitt rekja þau til skipulagsleysis viðkomandi fyrirtækis.

Mikið hefur verið rætt á ýmsum vettvangi um breytingar á fyrirkomulagi opinna móta og þurfum við að fylgjast vel með því til að koma í veg fyrir óskemmtilega umræðu um hver eigi rétt á að vinna tiltekin mót vegna forgjafar ofl.

Sérlega gott samstarf hefur verið við dómara klúbbsins við framkvæmd móta í sumar.

RÁS 2 OPEN

Án efa stærsta staka viðfangsefni mótanefndar í sumar.

Starfsmenn mótanefndar voru: Heimir Jón Guðjónsson og Jónína Pálsdóttir, ásamt fjórum unglungum frá unglínganefnd. Dómari var Kjartan Bjarnason.

Þátttaka var gríðarleg og voru 222 skráðir í mótið en því miður fór mótið fram í leiðindaveðri.

Gífurleg vinna var við ræsingu þar sem teiggjafir voru margar og mismunandi og meðal annars golfreyjur og handgangur að finna réttar stærðir keppanda.



Mótanefnd sá um undirbúning á brautum (nándarskráning o.fl.), ræsingu keppenda, aðstoðaði við uppgjör mótsins og verðlaunaafhendingu.

2.4 Ársskýrsla íþróttastjóra

Undirritaður hóf störf sem íþróttastjóri í nóvember 2006, eftir að hafa sinnt starfi afreksþjálfara frá 2004. Starf íþróttastjóra felst aðallega í að hafa umsjón með skipulagningu afreks- og unglíngastarfs GKG í samráði og samstarfi við framkvæmdastjóra GKG, afreks- og unglínganefnd, og annara þjálfara klúbbsins. Einnig eru nýliðanámskeið framkvæmd af þjálfurum GKG auk annara verkefna svo sem heimsóknna frá skólum þar sem grunnskólabörnum er boðið á námskeið til að kynna íþróttinni og starfi GKG.

Þjálfarateymi GKG eru Derrick Moore, PGA golfkennari, Haraldur Þórðason, íþróttakennari, auk íþróttastjórans. Einnig var Ottó Sigurðsson okkur innan handar með forfallaþjálfun, auk þess að taka að sér þjálfun öldungaklúbbsins í undirbúningi þeirra fyrir Sveitakeppni GÍ. Ofangreindir sáu einnig um kennslu félagsmanna. Ég vil þakka þjálfurum klúbbsins fyrir frábær störf og stórgott samstarf á liðnu keppnistímabili.

Árangur okkar afrekskyflinga var mjög góður á þessu ári og stendur Íslandsmeistaratitill Ottós Sigurðssonar, sigur karlasveitar GKG í Sveitakeppninni, auk sigur stúlkna í Sveitakeppni 18 ára og yngri, upp úr. Birgir Leifur Hafþórsson átti mörg góð mót á evrópsku mótaröðinni, þ.á.m. helst á Opna ítalska mótinu þar sem hann endaði í 11. sæti. Árangur hans, vinnusemi og framkoma er til algerar fyrirmyndar og við fyllumst stolti af því að sjá okkar mann keppa meðal þeirra bestu í heiminum. Birgir Leifur hélt góðan fyrirlestur í vor fyrir krakkana í klúbbnum, þar sem þau fengu að kynna honum sjálfum og lífinu í atvinnumennskunni. Allir voru mjög áhugasamir og voru spurningar krakkana mjög margar sem sýnir hversu mikill áhugi er til staðar.

Gleðiefni er að sjá fleiri afrekskyflinga klúbbsins halda til Bandaríkjanna í nám, með það fyrir augum að geta stundað æfingar og keppni við bestu aðstæður yfir vetrartímann. Auk Sigmundar Mátssonar, hafa Valgeir Tómasson og Haukur Már Ólafsson hafið nám í Bandaríkjunum og verður spennandi að sjá til þeirra næsta sumar.

Unglingarnir stóðu sig mjög vel í sumar og náðu þau Ari Magnússon og Ingunn Gunnarsdóttir 2. sæti í sínum flokki á Íslandsmóti unglunga í högggleik. Þegar á heildina er lítið bættu flestir sinn leik mikið og sést það e.t.v. best á því að af þeim 75 unglungum sem léku 5 hringi eða meira til forgjafar (sumir verulega) þá lækkuðu allir forgjöf sína nema 3.

Sumaræfingarnar gengu mjög vel en alls voru um 150 börn og unglingar á æfingum hjá klúbbnum. Auk þess voru um 500 börn á sumarnámskeiðum barna, en að þessu sinni voru námskeiðin bæði fyrir og eftir hádegi til að anna eftirspurn. Þetta er vissulega jákvætt að sjá hversu vinsæl námskeiðin eru og sýnir þetta hversu vel GKG og sér í lagi unglunganefnd klúbbsins hefur staðið að námskeiðunum og uppbyggingarstarfi. Þetta kallar þó á mikla skipulagningu og einnig getur verið vandasamt að koma öllum krökkunum fyrir á æfingasvæðunum svo vel megi fara. Afrekskyflingar og bestu unglingar klúbbsins sáu um þjálfun á barnanámskeiðum og sumaræfingum og stóðu sig mjög vel. Þau fá bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Sú nýbreytni var tekin upp á sumrinu að vera með sérstaka mótaröð fyrir þau allra yngstu og var sett á laggirnar Barnamótaröð GKG. Þarna sáust góðir taktar og má vænta

fram tíðarafrekskyflinga úr þessari vögg.

GKG stefnir að því að vera áfram í fararbroddi hvað varðar unglunga- og uppbyggingarstarf. Sem dæmi þá gefst unglungum klúbbsins kostur á að æfa 11 mánuði á ári undir handleiðslu þjálfara. Það er eitthvað sem fáir aðrir golfklúbbar eða íþróttagreinar geta státað af.

Í vor opnaði Leirdalsvöllur og gjörbreyttist því aðgengi að golfvelli til betri vegar. Nú býðst okkur að leika tvo velli, 18 holur og 9 holur, og auðveldar þetta til muna öllum félögum, ungum sem öldnum, byrjendum sem lengra komnum, að leika meira golf. Framtíðin er björt hjá GKG, áform eru um bættu félags- og æfingaaðstöðu og vonandi má vænta tíðinda af framkvæmdum á næstunni.

Ég vil þakka þeim starfsmönnum og nefndarmönnum sem ég hef átt unnið með á árinu, mínar bestu þakkir fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka klúbbmeðlimum fyrir ánægjuleg kynni og hlakka til að sjá alla glíma við völlinn á næsta ári.

Með bestu kveðju,

Úlfar Jónsson

Íþróttastjóri GKG

Ársskýrsla afreksþjálfara

Ég hóf störf hjá GKG í janúar 2007. Mitt fyrsta verk var að meta styrkleika og veikleika leikmanna áður en æfingar hófust. Það kom mér á óvart hve marga skorti grunntækni varðandi t.d. grip, stöðu og sveiflu. Almenn séð er ég ánægður með árangur í flestum hópum á þessu ári og nú er meiri skilningur á hve mikilvægar vetraræfingar eru til undirbúnings fyrir leiktímabilið.

Æfingar seinasta vetur voru innandyra í Progolf í Gilsbúð og Sporthúsinu, en utandyra í Básun í Grafarholti. Mikill kostur var að geta nýtt sér Scope sveiflugreiningakerfið í Gilsbúð. Gott kerfi til þess að taka á tækninni, veitir öllum meiri skilning á þeim þáttum sem þarf að takast á við. Ókosturinn hinsvegar var þröngur húsakostur og því lítið svigrúm til fjölbreyttra stuttspils æfinga.

Nauðsynlegt er að æfa einnig utandyra og gott að geta skoðað boltaflugíð þegar verið er að breyta sveiflunni. Aðstæður sem nauðsynlegt er að hafa til að líkja sem mest eftir alvöru höggum. Stundum gat þó verið mjög kalt og motturnar voru stundum frosnar og harðar eins og steypa.

Allir hópar unnu mjög vel bæði á undirbúnings- og keppnistímabilinu, en vantar þó mikið uppá sveiflutæknina hjá sumum. Lang flestir bættu sig þó, sem er mjög jákvætt. Allir hópar sýndu góða samstöðu og góðan anda.

Í vetur munum við æfa innanhús í Sporthúsinu og utandyra í nýrri æfingaaðstöðu Keilis, og teljum við þjálfarnir að það muni leiða af sér betri gæði æfinga en áður. Kosturinn við Keili er að þar er hægt að æfa sláttinn utandyra, en einnig fara innfyri og æfa stutta spilið. Því er hægt að hafa lengri og fjölbreyttari æfingar í senn. Gott væri að geta boðið upp á einkatíma fyrir alla einhverntíma á æfingatímabilinu til þess að allir fái tækifæri til þess að einbeita sér að sínum kostum og göllum.

Vetraræfingar eru mjög mikilvægar. Vandamálið er að fólk upplifir veturinn svo langan að því finnst það hafa nægan tíma til þess að bæta sig. Mikilvægt er þó að nýta tímann vel og vera búinn að festa breytingar á tækni vel inn fyrir keppnistímabilið. Gott væri að skipta vetrinum niður á tímabil. T.d. væri nóvember-febrúar tímabilið þar sem tekið væri á tækninni með



stífum æfingum. Á næsta tímabili, mars-apríl, væri tæknin nýtt til þess að einbeita sér að skotmarksæfingum.

Hápunktar sumarsins voru að vinna bæði Sveitakeppni karla og stúlkna. Þar skipti sköpum að góður andi var í báðum hópnum sem hafði mikil áhrif á þennan góða árangur. Einnig var gleðilegt að Ottó Sigurðsson skildi vinna Íslandsmótið í holukeppni. Sumar stúlkanna í 16-18 ára hópnum stóðu sig ágætlega. Slakur árangur var hins vegar í hópi 16-18 ára drengja. Ég bjóst við miklu meiru af þessum hópnum. Hópur drengja 13 ára og yngri náði góðum árangri. Sama má segja um hóp 14-15 ára drengja þótt ég hafi búist við betri árangri þar. Meistaraflokkur karla stóð sig ekki nógu vel, en þeir spiluðu í samræmi við getu bæði í Sveitakeppninni og Íslandsmótinu í holukeppni.

Í lok október fór ég ásamt Kjartani Dór Kjartanssyni, Guðjóni Henning Hilmarssyni og Starkaði Sigurðarsyni til Grikklands til að taka þátt í Evrópukeppni klúbblaða, en keppnisréttinn fékk GKGeftir sigurinn í Sveitakeppninni. Þarna gafst einstaktækifæri til þess að fara með lítinn hóp í gegnum allt keppnisferlið. Þarna kom aftur í ljós að keppendur okkar eru langt á eftir bestu keppendum, hvað stutta spilið varðar. Dæmi: Starkaður sló u.þ.b. 20-30 metrum lengra upphafshögg en meðspilari hans og hitti 11 flatir. Endaði með 77 högg meðan andstæðingur hans hitti 2 flatir en endaði með 74 högg. Sama má segja um Guðjón, hann sló boltann betur en meðspilari hans en endaði með hærra skor. Ég komst að því í þessari keppnisferð að flestir þúttu betur en við. Bestu keppendur leika þannig að stutta spilið bjargar skorinu. Mjög oft er verið að bjarga pari með einu vippi og einu þútti. Þá eru keppendur mjög nákvæmir í að mæla fjarlægðir innan 80 metra og það gefur þeim tækifæri á að ná fugli á þar 5.

Eftirfarandi er samantekt um það sem betur mátti fara:

- Ekki nógu margir í verðlaunasæti í Kaupþingsmótunum í hópi drengja 14-15 og 16-18 ára.
- Slakur árangur í Sveitakeppninni í báðum aldurshópum drengja.
- Ekki nógu margir vinningshafar í unglingshópnum.
- Ekki nógu margir í afrekshópi sem náðu topp 10 í KB mótariðinni.
- Engir keppendur voru í hópi 13 ára og yngri stúlkna í Kaupþingsmótariðinni.
- Ekki nógu margir keppendur í hópi 13 ára og yngri drengja í Kaupþingsmótariðinni.
- Að mínu áliti eru keppendur okkar of langt á eftir bestu keppendum í sama aldursflokki, hvað stutta spilið varðar.
- Aðstaða til þess að æfa stutta spilið er ekki nógu góð.

Möguleikar til að efla og bæta unglingsstarfinu:

- Að leita fyrr eftir hæfileikum yngri barna.
- Einbeita okkur að því að æfa hóp 13 ára og yngri yfir vetrartímamann sem hefur það markmið að keppa í KB mótariðinni.
- Einbeita okkur mun betur að stutta spilinu og bæta aðstöðuna strax næsta sumar.
- Bjóða öllum keppnishópum upp á einkakennslu.

Með kveðju,
Derrick John Moore,
PGA Professional.

Ársyfirlit unglingsnefndar

Unglingsnefnd skipuðu Gunnar Jónsson, formaður, Grétar Skúlason, Gunnar Árnason, Jón Hörðdal Jónsson og Ragnheiður Sigurðardóttir.

Unglingsnefndin vann að skilgreindum markmiðum um að veita börnum og unglingsum í GKGeftækifæri til þjálfunar sem stenst samjöfnuð við það sem best gerist með öðrum klúbbum. Áfram var haldið með 11 mánaða æfingatímabil og æfingar hófust samkvæmt því í októberbyrjun. Þær fóru fram í nýju húsnæði Pro Golf í Garðabæ, í Sporthúsinu og í Básun. Þá voru æfingar fyrir yngstu börnin í Lindaskóla í Kópavogi.

Áfram er haldið með 11 mánaða tímabil 2007-8, en þó hófust æfingar ekki fyrr en í byrjun nóvember 2007, sem helgast af því að keppnistímabil GSÍ náði langleiðina út september. Æfingar munu fara fram í Sporthúsinu, Hraunkoti (nýju æfingasvæði Keilis) og Lindaskóla. Þá munu afreksunglingar ennfremur leggja stund á styrktar og liðleikaæfingar undir handleiðslu Haraldar Þórðarsonar, í sal sem Garðabær mun leggja GKGeft.

Eins og að framan er ritað hófust æfingar í októberbyrjun 2006, með meiri krafti og betri þátttöku en nokkru sinni. Það met hefur þó verið slegið haustið 2007, fyrsta sinni æfa fleiri en 100 krakkar í vetur. Ekki var langt liðið á haustið 2006 þegar upp kom að Brynjar Geirsson, sem hafði yfirumsjón með þjálfun krakkanna, var á leið til GR. Skömmu síðar fór aðstoðarmaður hans, Hlynur Þór Haraldsson, sömu leið. Þetta var vitaskuld verulegt áfall, enda starfið mikið til skipulagt af þeim. Ekki tjóaði að leggja árár í bát og fyrr en varði var búðið að ganga frá samningum við Úlfar Jónsson og Derrick Moore. Skömmu síðar gekk síðan Haraldur Þórðarson til liðs við okkur. Þá voru veggir sem reistir höfðu verið á milli unglings og afreksstarfs brotnir niður og þjálfararnir vinna nú sem teymi við þjálfun allra kyflinga sem æfa á vegum klúbbsins. Sú breyting var mjög góð og fullyrða má að þjálfaramálum okkar sé betur komið en nokkru sinni áður og æfingar fleiri en nokkru sinni.

Unglingarnir náðu góðum árangri. Hæst ber Íslandsmeistaratitil stúlkanna okkar í sveitakeppni. Sveitina skipuðu Erna Valdís Ívarsdóttir, Eygló Myrra Óskarsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir, Jóhanna Margrét Grétarsdóttir og Þórunn Día Óskarsdóttir. Þess má geta að stelpurnar unnu alla leiki sína nema einn, sem í varð jafntefli. Glæsilegt að sigla í gegn án taps.

Á mótariðinni náði Emil Þór Ragnarsson bestum árangri, varð í 2. sæti á stigalista 13 ára og yngri. Eygló Myrra Óskarsdóttir og Ingunn Gunnarsdóttir urðu í 4. og 5. sæti í flokki 16-18 ára og Ari Magnússon varð í fjórða sæti í flokki 14-15 ára. Ari og Ingunn urðu bæði í 2. sæti í sínum flokki í Íslandsmóti í högggleik og Ingunn varð í 6. sæti í kvennaflokki á Íslandsmóti í högggleik. Eygló og Emil urðu bæði í þriðja sæti í Íslandsmóti í holukeppni, Eygló eftir bráðabana við Ingunni. Þá skipuðu þær Erna, Eygló Ingunn og Þórunn sveit UMSK á Landsmóti ungmennafélaganna og fengu þar gull. Auk þess voru þær allar í kvennasveit GKGeft, sem spilaði á Akureyri.

Eygló Myrra og Ingunn Gunnarsdóttir eru í unglingslandslíðshópi GSÍ. Eygló keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti og einnig á móti ungra meistara í Frakklandi. Þá var Ari Magnússon einnig tekinn í unglingslandslíðshóp. Þá var Starkaður Sigurðsson valinn í Íslandsmeistaraveit GKGeft í

PARTNER DIMAS E-Z-GO Flymo 551 SCHAEFER BRIGGS & STRATTON

Golfvallavélar

**RANSOMES
JACOBSEN^{LTD}**

A Textron Company



Alt fyrir atvinnumanninn

Golfvallavélar • Golfbílur E-Z-GO • Knattspyrnuvallavélar • Fræ og Áburður frá British Seed Houses • Fljótandi áburður frá Floratine og Irish Turf Care • Ymis handverkfæri frá BMS. Útvegum einnig sýningarvélar frá framleiðanda, lítið eknar á lágum verðum
Varahlutapjónusta í sérflokki

í MHG versluninni



H Husqvarna

MHG
VERSLUN

Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • www.mhg.is • mhg@mhg.is



GKG Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ.
Vestmannaeyjar 2007.

sveitakeppni karla.

Við sendum að nýju tvær sveitir í alla flokka í sveitakeppni unglunga. Fyrir yngri strákana var sveitakeppnin á heimavelli, en þau eldri spiluðu á Hólmsvelli í Leiru (GS).

Öðru sinni var farið í æfingaferð til útlanda með afreksunglinga. Alls fóru 14 unglingar í ferðina, en farið var til Costa Ballena á suður Spáni, rétt við borgina Jerez, en þangað var flogið. Með í för voru þjálfararnir Derrick og Úlfar, auk nokkurs hóps foreldra og áhangenda. Ferðin var dagana 28. mars til 5. apríl og tókst afskaplega vel, utan það að vanhöld voru á því að golfsett skiluðu sér á réttum tíma. Krakkarnir höfðu staðið sig vel í að safna fé til ferðarinnar með ýmsu móti. Ekkert fór því af almennri fjárveitingu klúbbsins til unglिंगastarfs í ferðina. Gert er ráð fyrir að farið verði á sama stað nú í vor, með nokkuð stærri hóp.

Breyting var gerð á sumaræfingum. Fóstrakerfið var aflagt, en fjöldi æfinga aukinn. Þá var skráð á allar æfingar, sem er nauðsynlegt þegar fjöldinn er orðinn svo mikill sem raun ber vitni. Þátttaka var mjög góð og gert er ráð fyrir því að sama fyrirkomulagi verði haldið næsta sumar.

Klúbburinn stóð fyrir alls 16 barnanámskeiðum, en fyrsta sinni voru þau bæði fyrir og eftir hádegi. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru unglingar úr klúbbum, undir yfirumsjón Haraldar Þórðarsonar og Huldu Birnu Baldursdóttur, en framkvæmdastjórn Gests Gunnarssonar og Jóns Guðmundssonar. Fullt var á öll námskeið. Tekjurnar af námskeiðunum eru sértekjur unglिंगaneftndar og vegna þeirra er hægt að bjóða verulegum fjölda unglunga úr klúbbum vinnu á vellinum. Með því gefst þeim einnig kostur á því að leggja meiri stund á æfingar. Þá var fram haldið samningi við Kópavogsbæ um að unglingar á vinnuskólaaldri gætu skráð sig í vinnuskóla Kópavogs en skilað vinnuframlagi til GKG. Þetta skiptir unglिंगastarfið miklu máli. Þá fæst einnig sérstök fjárveiting frá Garðabæ til þess að ráða afrekskrakka úr Garðabæ í sumarvinnu.

Haldið var áfram innanfélags mótarið fyrir unglingana, styrktri af og kenndri við Pro-golf. Framkvæmd mótanna var að mestu með svipuðu sniði og fyrra ár. Þó voru á einhverjir hnökur,

sem sniðir verða af fyrir komandi sumar. Þá var tekin upp sú nýbreytni að halda 9 holu barnamót í Mýrinni fyrir krakka, sem ekki höfðu fengið forgjöf. Var þeim gefin grunnforgjöf 54, eða 3 högg á holu. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og víst að framhald verður á þessu, enda mikilvægt að gefa krökkunum kost á að venjast því að spila ungum. Hverjum ungum kylfingi varð að fylgja aðstandandi sem aðstoðaði með að færa skor, gæta reglna og slíks. Mót sumarsins voru síðan gerð upp á hefðbundinni lokahátíð með pizzuveislu.

Niðjamót var haldið þriðja sinni og tókst afar vel. Mótið er því orðinn árviss viðburður. Þátttaka var góð, eða 40 þör. Glæsilegir vinningar voru í boði og súpa og brauð í boði Háfells í mótslok. Í mótinu söfnuðust nálægt 180 þúsund kr. í ferðasjóð afreksunglinganna.

Nokkrir foreldrafundir hafa verið haldnir á árinu. Almennur fundur sem haldinn var til kynningar á starfinu var mjög vel sóttur. Þá voru haldnir fundir í tengslum við sveitakeppni, vegna æfingaferðar og til kynningar á vetraræfingunum. Unglिंगaneftndinni er mikilvægt að finna að foreldrar hafi áhuga á starfinu sem sýndur sé í verki með því að mæta á slíka fundi.

Eitt af markmiðum unglिंगaneftndar var að efla félagsanda og samstöðu krakkanna. Í því skyni hefur verið staðið fyrir videokvöldum, farið í keilu, bíó og haldið bingó, sem var um leið fjáröflun í ferðasjóð. Þennan þátt í starfinu stendur til að efla enn, þótt megináhersla verði sem fyrr á golfið.

SKEMMTINEFND

Skemmtineftndina skipa án efa nokkrir af skemmtilegri mönnum GKG, að eigin sögn, þeir Sigurður Hlökkversson, Lórenz Þorgeirsson og Bjarni Tóframaður.

Nefndin stóð sig með eindæmum vel miðað við þær erfiðu aðstæður sem fólust í leiknum *“Reyndu að finna framkvæmdastjóra - ef þú getur”*. Þegar náðist í framkvæmdastjóra þá var sá annað hvort að fara eða rétt að setja sig inn í málin, en skemmtineftndin hreyfðist ekki enda allt menn í kringum 100 kg. Það var reyndar gaman að vinna með “öllum” framkvæmdastjórum sumarsins og þær upptakomur sem urðu á vegi nefndarinnar voru afgreiddar af mikilli festu. Hér fór skákin í bið og við verðum til takst þegar vorar.



3. KAFLI FRAMKVÆMDASVIÐ



VALLARNEFND

Starfsárið 2006 – 2007 Skipan nefndarinnar

Símon Kristjánsson formaður
Andrés I. Guðmundsson
Guðmundur Á. Gunnarsson
Kristján Jónasson
Óskar Jóhannesson

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt átta bókaða fundi á starfsárinu en auk þess voru haldnir allnokkrir óformlegir fundir stjórnarmanna og starfsmanna vallarins. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu vallarins í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Á fundum hefur mikið verið rætt um nýja æfingaaðstöðu og hvað gera þarf til að snyrta völlum á næstu árum, jafnframt því að klára ýmsan frágang í Leirdal.

Framkvæmdir og framtíðarverkefni

Leirdalurinn var tekin í fulla notkun þetta árið og í byrjun sumars var þar unnin mikil vinna við að fullgera sandglompur, laga til göngustíga og annan frágang. Haldið verður áfram á næstunni að lagfæra það sem betur má fara í Leirdalnum. Unnið verður við að lagfæra þær glompur sem náðu ekki að losa sig við vatn í sumar og einnig að finna leiðir til að dreina vatn af ákveðnum hlutum svæðisins. Það kom ljótt sár í Leirdalinn þar sem Kópavogsbær þurfti að tengja frárennsli frá nýrri byggð í Smalaholti við veitukerfi bæjarins. Vonandi er að þetta sár jafni sig fljótlega. Í vetur verður haldið áfram við uppbyggingu á hvítum teigum, en stefnan er að vera með hvíta teiga á 18 holu vellinum. Nú þegar hafa hvítir teigar verið byggðir á Leirdalshlutanum. Í vetur verður púttflöt við skálann endurbyggð og henni breytt umtalsvert.

Vökvunarkerfi

Vökvunarkerfi er komið á allar flatir á vellinum og teigana líka í Leirdal og sannaði sig í sumar þegar svo til ekkert rigndi í 9 vikur. Kerfið var óspart notað þó svo kylfingar verði ekki mikið varir við það, því vökvunin fer fram á nóttunni. Unnið verður að því í vetur og vor að klára að setja niður vökvunarkerfi í alla teiga á eldri hluta vallarins.

Æfingasvæðið

Reynt var að halda æfingasvæðinu snyrtilegu en eðlilega ekki farið í neinar framkvæmdir þar sem unnið er að því að fá land fyrir nýtt æfingasvæði og hanna það.

Gróðursetning

Um 650 trjáplöntum af ýmsum stærðum hefur verið plantað þetta árið og áfram verður haldið við gróðursetningu á næstu árum. Mestu var plantað í nýja hluta vallarins í Leirdal. Vallarnefnd er alltaf með augun opin fyrir trjám sem klúbbnum bjóðast án greiðslu, en þar sem tímafrekt er að sækja tré er æskilegt að þeir sem geta útvegað tré komi þeim til starfsmanna GKG. Kristján Jónasson hefur stýrt gróðursetningu og umhirðu trjáa og hefur unnið frábært starf við að breyta ásýnd vallarins til hins betra.

Sjálfböðastarf

Sjálfböðaliðadagur var haldinn 3. maí í vor, og mættu um 50 manns til þeirrar vinnu. Borið var á allar trjáplöntur, brekka við stíg á 16. braut var tyrfð, hreinsað til umhverfis bílaplan og skála, sem og á vellinum og umhverfis hann.

Lokaorð

Eldri hluti vallarins kom nokkuð vel undan vetri og var opnaður 5. maí og ekki lokað fyrr en í lok október. Leirdalurinn kom seinna til og þar þurfi margt að klára áður en hann var opnaður 9. júní en síðan lokað 25. september. Aðalástæða fyrir því að Leirdalurinn varð seinna leikhæfur er líklega staðsetning hans, en hann var einnig mjög blautur í vor. Þurrkar og kuldar fóru illa með brautirnar framan af, en þær komu til þegar loks fór



Ágætu kylfingar!
 Vinsamlegast forðist
 að ganga um sumar-
 flatirnar og teigana.
 Flytjið bolta ykkar
 út af brautunum og
 stillið upp þar.

**Vetrarvöllur
 Vífilstaðavallar
 veturinn 2007-2008**

BRAUTIRNAR		
BRAUT	PAR	Áætluð lengd
1	4	Ca. 260 m
2	3	Ca. 70 m
3	4	Ca. 240 m
4	3	Ca. 100 m
5	4	Ca. 250 m
6	4	Ca. 235 m
7	4	Ca. 300 m
8	4	Ca. 270 m
9	3	Ca. 105 m
Samtals	33	Ca. 1.830 m

Vetrarvöllur GKG 2007 - 2008





að rigna og hægt var að bera á þær áburð. Golfaðstaða GKJ er að verða ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlum í Vetrarmýri. Á næsta ári verða ekki miklar nýframkvæmdir á golfvöllunum GKJ en stefnt að því að snyrta þá og betrubæta á ýmsan veg og gera sem glæsilegasta.

Ég vil þakka öllum starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Símon Kristjánsson,
formaður vallarnefndar

Fjáröflunar- og kynningarnefnd

Nefndarmenn: auk framkvæmdastjóra, Jón Snorri Snorrason, og Ottó Sigurðsson

Markmið

Reynt var að hafa sem mesta fjölbreytni í að afla sem mest fjár fyrir félagið með skriflegum samningum við fyrirtæki um kostanir, boðsmót, bekki, auglýsingar og merkingar á völlum sjálfum.

Mikil fjölbreytni var hverjar greiðslur þessara aðila voru, enda óskir og þarfir mismunandi og reynt að sérsníða samninga með tilliti til þessa.

Allir samningar verða skriflegir við alla kostendur, þar sem fram

kemur fyrir hvað var greitt og hvað viðkomandi fékk í staðinn. Samningum var að mestu lokið fyrir opnun vallarins. Endanleg tekjuöflun gæti verið á bilinu 9-10 millj.kr fyrir árið 2007.

Leiðir

Selja auglýsingar á alla teiga á öllum brautum og lengdarmælingastaura á hverri braut skv. ákveðnu kerfi og verðskrá. Hægt var fyrir fyrirtæki að kosta heila braut (gula og rauða teiga + lengdarhæla) eða einhverja samsetningu þar af. Stefnt var að því að finna kostendur að bekkjum á sem flestum teigum.

Sum fyrirtæki, sem hafa hér samninga hafa óskað eftir að fá að halda viðskipta-vina-mót og taka þá frá ½ dag og greiða fyrir það sérstaklega eða sem hluta af stærri samningi og hefur veitingasalan síðan séð um veitingar og verið þannig tekjuleið fyrir hana.

Reynt var að nýta þá afrekskyflinga sem eru á samingi til að afla enn frekari fjár og var það gert í fullu samráði og með samþykki þeirra. Þar var um að ræða námskeið, kennslu og í sumum tilfellum var hægt væri að greiða fyrir að fara hring með afreksmönnum.

Mörg fyrirtæki óska eftir að fá greitt fyrir auglýsingar með félagsaðild fyrir ákveðin fjölda meðlima. Aðrir óska eftir ákveðnum fjölda sumarkorta, námskeið, kennsla eða ákveðinn fjöldi 5-leikja-korta.

4. KAFLI FJÁRMÁL

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2006 til 31. október 2007

	Skýr.	1/11 2006-31/10 2007	1/11 2005-31/10 2006
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		80.297.749	70.469.544
Vallargjöld		5.242.605	2.711.215
Boltaleiga		3.146.219	3.341.545
Tekjur af golfmótum		5.594.150	6.269.450
Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar		17.399.398	10.884.373
Sértekjur A-nefndar		1.453.028	1.671.016
Sértekjur U-nefndar		6.453.289	2.873.753
Aðrar rekstrartekjur (vörusala-vörukaup)		862.339	592.284
Söluhagnaður (-tap)		(190.016)	(411.206)
		<u>120.258.761</u>	<u>98.401.974</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	12	61.979.166	39.851.156
Skáli og áhaldahús	13	6.737.222	3.771.634
Golfvöllur og æfingarsvæði	14	9.477.325	9.538.912
Unglingastarf og almenn kennsla	15	3.898.499	6.087.123
Keppnisgolf og mótahald	16	9.070.946	11.822.774
Gjöld til GSÍ		4.487.000	3.917.760
Annar rekstrarkostnaður	17	15.919.727	9.465.689
Afskriftir	4, 8	5.972.263	6.512.846
		<u>117.542.148</u>	<u>90.967.894</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		2.716.613	7.434.080
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og arður		697.728	594.346
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(6.709.337)	(17.619.006)
		<u>(6.011.609)</u>	<u>(17.024.660)</u>
Tap reikningsársins		<u>(3.294.996)</u>	<u>(9.590.580)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31/10 2007	31/10 2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4, 8		
Golfvöllur		207.673.698	207.673.698
Golfskáli og áhaldahús		36.862.797	33.888.707
Bifreiðastæði og umhverfi		12.582.295	11.827.887
Vélar og tæki		35.030.767	35.598.344
Fastafjármunir		292.149.557	288.988.636
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	5	1.151.908	3.769.276
Aðrar kröfur		2.219.213	1.549.899
Handbært fé:	6		
Sjóður og bankainnstæður		79.811	5.208.818
Veltufjármunir		3.450.932	10.527.993
Eignir samtals		295.600.489	299.516.629



Sláðu til! 



Guðmundur Oddsson setur niður fyrsta púttið við formlega athöfn þegar Leirdalurinn var afhentur GKG til umráða í vor. Púttið var tæpur metri og fór beint í miðja holu!

31. október 2007

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31/10 2007	31/10 2006
Eigið fé	9		
Eigið fé		228.178.175	147.266.079
Eigið fé samtals		<u>228.178.175</u>	<u>147.266.079</u>
Langtímaskuldir	10		
Langtímaskuldir		25.265.513	93.418.680
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(11.084.435)	(55.990.818)
Langtímaskuldir		<u>14.181.078</u>	<u>37.427.862</u>
Skammtímaskuldir			
Bankalán		18.389.017	17.020.430
Viðskiptaskuldir		11.078.336	8.566.728
Ýmsar skammtímaskuldir		12.689.448	33.244.712
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	11.084.435	55.990.818
Skammtímaskuldir		<u>53.241.236</u>	<u>114.822.688</u>
Skuldir samtals		<u>67.422.314</u>	<u>152.250.550</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>295.600.489</u>	<u>299.516.629</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	11		

HEIMILIÐ Í ÖRUGGUM HÖNDUM

VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMILIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlinunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og fjölskyldu þinni.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**



SECURITAS

HEIMAVÖRN

Sjóðstreymi 1. nóvember 2006 til 31. október 2007

	Skýr.	1/11 2006-31/10 2007	1/11 2005-31/10 2006
Handbært fé frá (til) rekstrar			
Frá rekstri:			
Tap af reglulegri starfsemi		(3.294.996)	(9.590.580)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4, 8	5.972.263	6.512.846
Söluhagnaður (tap)		190.016	411.206
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		(133.732)	9.052.252
		<u>2.733.551</u>	<u>6.365.724</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		1.948.054	(2.342.287)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		(18.043.656)	12.583.255
		<u>(16.095.602)</u>	<u>10.040.968</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>(13.362.051)</u>	<u>16.406.692</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(11.733.200)	(36.890.454)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		2.410.000	692.500
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(9.323.200)</u>	<u>(36.197.954)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán		3.000.450	19.843.954
Greiddar afborganir langtímalána		(71.019.885)	(16.845.793)
Skammtíma bankalán, (yfirdráttur)		1.368.587	4.257.234
Framlög frá sveitarfélögum	7	84.207.092	17.739.472
Fjármögnunarhreyfingar		<u>17.556.244</u>	<u>24.994.867</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(5.129.007)</u>	<u>5.203.605</u>
Handbært fé í byrjun reikningsársins		5.208.818	5.213
Handbært fé í lok reikningsársins		<u>79.811</u>	<u>5.208.818</u>



Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðarríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GK. Þar koma margir að og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum, Ólafi E. Ólafssyni, og vallarstjóranum Guðmundi Gunnarssyni. Þessir tveir eru lykilmenn í öllum umsvifum GK og þó Ólafur sé nýlega tekinn við sem framkvæmdastjóri, þá vil ég þakka þeim báðum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári.

Það er óhætt að segja, að nú sé völlurinn okkar loksins að komast í endanlegt horf, þó vissulega verði haldið áfram við að endurbæta hann og laga á ýmsan hátt. Þar má aldrei slaka á og við eigum ávallt að hafa mikinn metnað fyrir okkar völl og að hann verði alltaf einn allra besta golfvöllur landsins. En það eru sannarlega mörg og krefjandi verkefni framundan. Stjórnin hefur unnið að uppbyggingu æfingahúss, félagsaðstöðu og áhaldahúss og þar eru á borðum afar metnaðarfullar byggingar. Þessi verkefni verða vonandi á fullri ferð í vetur og okkar vilji er

að ljúka öllum samningum um allt það land sem GK þarf til starfseminnar ásamt samningum um fjármögnun þessara framkvæmda. Það er hins vegar alveg ljóst, að framkvæmdir geta ekki hafist fyrr en í fyrsta lagi haustið 2008 vegna þeirra skipulagsbreytinga sem nauðsynlegt er að gera. Bæjarstjórar Kópavogs og Garðabæjar hafa þegar undirritað viljayfirlýsingu um stuðning við þessa uppbyggingu, enda mun hún gjörbreyta allri okkar æfinga, félags- og þjálfunaraðstöðu. Það má því öllum vera ljóst, að næg verkefni eru fyrir hendi og heiti ég á alla okkar félagi að leggjast á árarnar með stjórninni til að flýta þessari fyrirhuguðu uppbyggingu. Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og í nefndum á vegum GK fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar GK
Guðmundur Oddsson, formaður.

Ferðaklúbbur Golfbúðarinnar skipuleggur golfferðir til Florida

Frá janúar til apríl 2008



Í boði er gisting í vandaðri íbúð
eða glæsilegri villu

verð frá 100.000 kr.

Innifalið í verðinu er:

Flug með Icelandair, gisting, bílaleigubíll (2-4 í bíl)
og ótakmarkað golf á fjórum golfvöllum,

**Golf
búðin**

Hafnarfirði



nánari upplýsingar á golfbudin.is

ERT ÞÚ MEÐ GOLFKORTIÐ?



FRÍÐINDI SEM TENGJAST GOLFKORTINU

- Fjölbreyttur afsláttur af völdum vörum í Golfbúðinni og Nevada Bob
- 20% afsláttur af vallargjöldum á öllum völlum GSÍ
- 20% afsláttur í golfhermi Sporthússins
- 10% afsláttur af boltakortum hjá Pro Golf í Básum Grafarholti
- Spannandi golfferð að hausti
- Frítt árgjald og stofngjald fyrsta árið
- MasterCard ferðaávísun við stofnun Golfkortsins
- Árlega er send veltutengd MasterCard ferðaávísun
- Inngöngugjöf þegar kortið er sótt
- Fjölbreytt tilboð og fríðindi í gegnum Netklúbb Golfkortsins

Til viðbótar við afslátt sem Golfkortið veitir er golfsettið tryggt á ferðalögum auk ýmissa annarra fríðinda.